



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 19/2010

Skráning og notkun Softverk ehf. á léninu eign.is

I.

Erindið

1.

Neytendastofu barst erindi Andrésar Péturs Rúnarssonar með tölvubréfi, dags. 14. júlí 2009, þar sem kvartað er yfir skráningu og notkun Softverk ehf. á léninu eign.is. Í erindinu kemur fram að Andrés hafi, ýmist persónulega eða í gegnum félög í sinni eigu, notast við lénið eign.is við fasteignasölu frá árinu 1999.

Frá síðasta hausti hafi lénið ekki verið í beinni notkun þar sem Andrés hóf nám og tók því upp nýtt netfang. Nú hafi hann í hyggju að hefja störf aftur undir sama nafni, Eign.is, sem hann eigi m.a. skráð hjá Einkaleyfastofu.

Fyrir stuttu hafi Andrés komist að því að búið væri að úthluta öðrum léninu hjá ISNIC, Internet á Íslandi, og virðist það hafa gerst sama dag og hann var sviptur því. Skv. framkvæmdastjóra ISNIC hafi verið svokölluð rafræn vöktun á léninu, sem ekki sé heimil. Þar sem Andrés hafi ekki notað netfang sitt með endingunni @eign.is frá síðasta hausti hafi hann ekki fengið pósta frá ISNIC auk þess sem hann kannist ekki við að hafa fengið bréf póstleiðis eða neinar aðrar viðvaranir um að lénið yrði skráð öðrum.

Af hálfu Andrésar var því harðlega mótmælt þegar ISNIC skráði lénið öðrum og óskaði hann eftir leiðréttingu þar á. ISNIC töldu ekkert hægt að gera í stöðunni annað en að senda erindi til Neytendastofu.

Fram kemur að Andrési sé kunnugt um að þegar sótt sé um lén hjá ISNIC séu aðilar hvattir til að kynna sér hvort umrætt lén sé skráð hjá Einkaleyfastofu, sem það sé í þessu tilviki auk þess sem Andrés hafi auglýst nafnið fyrir tugi milljóna síðustu tíu ár. Hann eigi bæklinga, auglýsingar, heimasíður o.fl. með nafninu. Það sé heldur ekki heimilt að fylgjast rafrænt með því hvenær lén



losni. Softverk hafi áður haft samband við Andrés og óskað eftir að kaupa lénið, sem hann neitaði. Því sé ljóst að lénið hafi ekki verið skráð í góðri trú.

Vegna framandgreinds óskar Andrés eftir tilhlutan Neytendastofu í málinu.

2.

Með tölvubréfi Neytendastofu til Andrésar, dags. 14. júlí 2009, var Andrési gerð grein fyrir hlutverki stofnunarinnar og eftirlitsskyldu hennar. Í bréfinu kom fram að stofnunin gæti meðhöndlað bréf hans sem formlega kvörtun vegna ákvæðis 15. gr. a. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Í bréfinu kom jafnframt fram að stofnunin gæti ekki fjallað um aðkomu ISNIC að málinu eða starfshætti þeirra við skráningu og afskráningu léna.

3.

Með tölvubréfi Andrésar til Neytendastofu, dags. 23. júlí 2009, var þess óskað að fyrri tölvusamskipti yrðu meðhöndluð sem formleg kvörtun.

II.

Málsmeðferð.

1.

Erindi Andrésar var sent Softverk til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 16. september 2009. Í bréfinu var vakin athygli á því að stofnunin teldi ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 geta komið til álita í málinu.

Svar Softverk barst stofnuninni með bréfi, dags. 28. september 2009. Í bréfinu kemur fram að Softverk hafi skráð á sig fáein lén vegna rekstrar félagsins og væntanlegs rekstrar þess. Eitt af þeim lénum sé t.d. sagaeign.is þar sem félagið visti fasteignasöluverfi og eign.is þar sem félagið visti fasteignavef. Þessir vefir verði síðar í eigu dótturfélaga Softverk í Bretlandi.

Þegar starfsmenn Softverk skoðuðu laus lén tóku þeir eftir léninu eign.is sem hafði ekki verið í notkun í a.m.k. fjögur ár og var ekki í eigu aðila með rekstur tengdu nafninu, né skráð félag sem heiti því nafni. Þá hafi ekkert pósthfang verið tengt léninu.

Síðastliðið vor hafi ISNIC tjáð Softverk að eigandi lénsins eign.is hafi ekki notað það né borgað af því og ef það yrði ekki gert eftir rukkanir og áminningar yrði lénið laust. Þegar ISNIC tók lénið af skrá borgaði Softverk fyrir skráningu þess.



Af hálfu Softverk er því hafnað að um rafræna vöktun hafi verið að ræða. ISNIC auglýsi á vef sínum hvenær lén sem ekki sé borgað af séu laus og Softverk skráði lénið á félagið þegar það var laust eins og gert hafi verið með önnur lén.

Þar sem Softverk sé með nokkur lén skráð hjá ISNIC geti félagið staðfest að ISNIC sendi samviskusamlega bréfflegar rukkanir og áminningar til eigenda léna áður það er tekið af skrá, auk þess sem eiganda þess sé gefinn nokkurra mánaða frestur til að bæta úr því.

Softverk hafi orðið vart við að fjöldi léna hafi losnað upp á síðkastið vegna ástands í efnahagsmálum og sé ekki að furða, því þeir sem ekki noti eða verji lén sín spari sér þann kostnað.

Vegna ummæla Andrésar um að haft hafi verið samband við sig og óskað eftir kaupum á léninu segir í bréfi Softverk að það sé ekki rétt. Forsvarsmaður Softverk þekki ekki Andrés og hafi ekki hitt hann eða talað við. Andrés hafi haft samband við sig í sumar og óskað eftir að lénið yrði skráð á hann. Í kjölfar þess hafi beiðnin verið borin upp við stjórn Softverk sem tók ákvörðun um að halda skráningunni.

Þegar léninu eign.is sé flett upp á leitarvef google megi sjá að lénið hafi ekki verið í notkun í mörg ár.

2.

Neytendastofu bárust frekari skýringar Softverk með bréfi félagsins, dags. 5. október 2009. Í bréfinu kemur fram að lénið eign.is hafi upphaflega verið skráð af Andrésí þann 21. mars 2000. Samkvæmt reglum ISNIC sé skráning endurnýjanleg um eitt ár í senn. Skráning á léninu var til endurnýjungar eigi síðar en 31. mars 2009 og því ætti Andrésí að hafa verið ljóst hverjar reglur ISNIC eru. Þar sem Andrés endurnýjaði ekki lénið missti hann rétt sinn til þess skv. grein 8.2 í reglum ISNIC um lén. Á sama tíma varð lénið laust til skráningar og notkunar fyrir aðra. Softverk sótti um og fékk lénið eign.is skráð þann 2. júní 2009.

Andrés sé ekki með skráð einkaleyfi á nafninu eign, hvorki sem nafn né vörumerki. Samkvæmt fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra eru tuttugu fyrirtæki skráð með nafn sem hefst á Eign- og þar af eitt með nafnið Eign ehf. Softverk sé ekki kunnugt um að Andrés hafi gert athugasemdir við notkun þessara aðila á nafninu.

Myndmerki þar sem fyrir komi stafirnir eign.is sé skráð hjá Einkaleyfastofu, þann 31. mars 2009, og eigandi þess L 94 ehf. Samkvæmt ársreikningaskrá Ríkisskattstjóra hafi fyrirtækið eingöngu skilað ársreikningi fyrir árið 2005.



3.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 6. október 2009, voru Andrésí send bréf Softverk og gefinn kostur á að koma að skýringum eða athugasemdum við þau.

Svar barst með tölvubréfi, dags. 18. október 2009. Í bréfinu kemur fram að Andrés hafi skráð eign.is hjá Einkaleyfastofu í þeim tilgangi að fá einkaleyfi fyrir nafninu. Vegna ráðlegginga Einkaleyfastofu og þess að umsóknin var ekki samþykkt fyrr en eftir auglýsingu taldi hann sig tryggan fyrir nafninu og að enginn annar gæti notað það eða lén með sama nafni.

Þegar Andrés ætlaði að nota lénið aftur og honum orðið ljóst að annar aðili hafi skráð lénið hafði hann samband við ISNIC og í kjölfarið fengu hann og Softverk bréf frá ISNIC þar sem vísað er til reglna ISNIC sem fram koma á forsíðu vefsíðu þeirra.

Í bréfinu er gerð athugasemd við að í bréfi Softverk komi fram að félagið kannist ekki við svokallaða rafræna vöktun. Andrés geri það ekki heldur en hafi upplýsingarnar frá ISNIC. Einnig er bent á að í bréfi Softverk komi fram að Softverk hafi rekið sig á að lénið eign.is væri laust við skoðun á lausum lénum og séð að það hafi ekki verið í notkun s.l. fjögur ár, það sé ekki rétt og geti tölvupóstur Andrésar sýnt fram á að netfang með endingunni @eign.is var í notkun á tímabilinu. Þá komi fram í bréfi Softverk að Softverk hafi haft samband við ISNIC og fengið upplýsingar um að eigandi lénsins eign.is hafi ekki notað það. Slíkt sé harla ólíklegt þar sem ISNIC hafi sent Andrésí tölvubréf á áður nefnt netfang og ætti því að vera ljóst að það var í notkun. Því sé ljóst að Softverk hafi fylgst vel með því hvenær lénið losnaði en ekki leitað að lausum lénum eins og haldið hefur verið fram. Til enn frekari staðfestingar megi benda á að útprintun af vef ISNIC, sem fylgdi bréfi Softverk, sé dagsett 2. júní 2009 og þá sé Andrés skráður réttthafi. Rétt sé í framhaldi af því að benda á að mikill fjöldi léna hjá ISNIC séu skráð óvirk eða í geymslu.

Í málinu sé ljóst að áður en Softverk fékk skráð lénið eign.is hafði félagið ekki kannað vörumerkjaskrá. Þá hafi félagið ekki verið í góðri trú við skráningu lénsins. Hvoru tveggja sé gerð krafa um skv. reglum ISNIC.

4.

Bréf Andrésar var sent Softverk til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 19. október 2009. Svar barst með bréfi Softverk, dags. 26. október 2009. Í bréfinu kemur fram að ekki komi til álita hvað Andrés telji sig hafa skráð hjá Einkaleyfastofu heldur það sem raunverulega er skráð og réttur hans skv. því. Hvorki hann né fyrirtæki honum tengd séu með einkaleyfi á nafninu *eign* og notkun þess.



Það sé alfarið í höndum Andrésar að tryggja áframhaldandi rétt til lénsins. Hann hafi sjálfur kosið að greiða ekki tilskilin gjöld til að endurnýja lénið eign.is. Reglur ISNIC séu mjög skýrar hvað varði rétt þeirra sem ekki endurnýja lén. Þá hafi Softverk undanfarin tvö ár varið miklum fjármunum í að hanna hugbúnað sem nýtist við eignasölur og umsjón með eignum. Það sé því ekkert óeðlilegt við að Softverk noti lénið eign.is fyrir sitt eignakerfi.

Venja sé þegar fyrirtæki velji sér lén að þau finni nöfn sem þau vilji nota og falli að tilgangi lénsins. Þegar kominn sé listi af lénnum sem æskileg eru sé farið á vefsíðu ISNIC og kannað hvort viðkomandi lén sé laus. Þau lén sem Softverk taldi falla best að eignausýsluhugbúnaði sínum var lénið eign.is. Þegar kannað var hvort það væri laust komu upp skilaboð um að lénið væri óvirkt og af því tilefni hafði Softverk samband við ISNIC. Þar fengust upplýsingar um að lénið hefði ekki verið endurnýjað þrátt fyrir ítrekanir og samkvæmt reglum væri lénið afskráð og laust til skráningar fyrir aðra 60 dögum eftir endurnýjunardag ef réttur til endurnýjunar yrði ekki nýttur. Þar sem lénið félli vel að tilgangi Softverk var það skráð sama dag og það losnaði, því hjá ISNIC gildi reglan „fyrstur kemur, fyrstur fær“. Engin rafræn vöktun hafi átt sér stað í því sambandi.

Lénið var tekið í góðri trú. Softverk hafi verið kunnugt um að fyrirtækið sem notað hafði lénið væri ekki lengur í rekstri og hafði ekki verið það um nokkurn tíma. Ekkert einkaleyfi hafi verið gefið fyrir notkun á nafninu „eign.is“ enda hefði það aldrei fengist skráð þar sem fyrirtækið Eign ehf. sé skráð hjá Fyrirtækjaskrá frá árinu 2005, eða um ári áður en myndmerkið sem Andrés vísar í var skráð. Þá sé sá einstaklingur sem óskaði eftir að kaupa lénið af Andrési ekki tengdur Softverk.

Ekkert bendi til þess að Andrés hafi verið kenndur við lénið á einhverjum tíma eins og haldið sé fram. Fyrirtækið sem um ræðir sé ekki lengur í rekstri.

5.

Bréf Softverk var sent Andrési til upplýsinga með bréfi Neytendastofu, dags. 29. október 2009, auk þess sem aðilum málsins var tilkynnt að gagnöflun væri lokið og málið yrði tekið til ákvörðunar stofnunarinnar. Með bréfinu fylgdi listi yfir gögn málsins.

III.

Niðurstaða

1.

Í máli þessu kvartar Andrés Pétur Rúnarssona yfir skráningu og notkun Softverk á léninu eign.is. Andrés hafi notað lénið í níu ár og eigi skráð vörumerkið eign.is hjá Einkaleyfastofu frá árinu



2006. Softverk hafi ekki farið að reglum ISNIC, Internet á Íslandi, við skráninguna þar sem augljóslega hafi ekki verið leitað eftir skráningu sambærilegs vörumerkis hjá Einkaleyfastofu, auk þess sem áður hafi verið leitast eftir því við Andrés að fá lénið keypt og því hafi Softverk ekki verið í góðri trú um betri rétt hans til lénsins.

Af hálfu Softverk er á það bent að Andrés hafi ekki sinnt ítrekunum ISNIC um að endurnýja lénið eins og honum hafi verið í lófa lagið að gera og því hafi hann misst réttinn til lénsins. Hjá Einkaleyfastofu sé til skráð myndmerki með stöfunum eign.is en Andrés sé ekki skráður eigandi þess. Þá er því neitað að sá sem leitaði eftir kaupum á léninu sé tengdur Softverk eða að Softverk hafi skráð lénið í vondri trú.

2.

Í erindi Andrésar var ekki vísað til lagaákvæða en í bréfi Neytendastofu til Softverk, dags. 16. september 2009, var vakin athygli á ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Ákvæðið er svohljóðandi:

„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“

Í ákvæðinu felst almenn vernd auðkenna sem kemur til fyllingar á vörumerkjavernd eins og glöggst sést af lögskýringargögnum þegar reglan var fyrst lögfest, svo sem greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga nr. 8/1993. Efnislega er 15. gr. a. samhljóða ákvæði eldri samkeppnislaga um almenna vernd auðkenna. Fyrri málsliður greinarinnar hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Samkvæmt greinargerðinni skiptir ákvæðið máli um viðbótarvernd við þá vernd sem framangreind sérlög veita auðkennum. Þá segir í greinargerðinni að í 2. másl. greinarinnar sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti.

Þá er í 5. gr. laganna lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna. Ákvæði 15. gr. a. er í V. kafla laganna.



Báðir aðilar málsins hafa skráð auðkenni sín með þar til gerðum hætti. Félag Andrésar, L 94 ehf., á skráð myndmerki með orðinu eign.is hjá Einkaleyfastofu frá 15. júní 2006. Softverk á skráð lénið eign.is hjá ISNIC frá 2. júní 2009. Að mati Neytendastofu eiga báðir aðilar rétt til auðkenna sinna og því kemur til álita ákvæði 2. másl. 15. gr. a. laga nr. 57/2005.

Réttur til vörumerkis getur stofnast annars vegar fyrir skráningu og hins vegar fyrir notkun. Meginreglan er sú að eigandi merkis öðlast einkarétt til nafnsins og er öðrum þar með óheimilt að nota það eða annað nafn sem líkist því svo mikið að ruglingshætta skapist. Til þess að njóta einkaréttar verður vörumerkið að vera þess eðlis að það geti aðgreint fyrirtækið eða vöru þess eða þjónustu frá keppinautum og takmarkast verndin því við að merkið sé ekki almennt orð og lýsandi fyrir þá vöru eða þjónustu sem fyrirtækið býður. Ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 er einkum ætlað að vernda auðkenni gegn því að keppinautur noti annað auðkenni sem líkist því mikið. Við mat á ruglingshættu er litið til þess hvort fyrirtækin séu í samkeppni og hvort þau séu á sama markaðssvæði.

3.

Að mati Neytendastofu er orðið eign almennt og mjög lýsandi fyrir þjónustu beggja aðila, þ.e. sölu á fasteignum, þar sem orðið merkið „*það að eiga*“ skv. íslenskri orðabók þriðju útgáfu, 2. prentun árið 2002. Auk þess getur orðið eign verið stytting á orðinu fasteign. Orðið eign eða eign.is er því ekki nægilega sérkennandi til þess að einn aðili geti notið einkaréttar á því. Vörumerkið eign.is er skráð sem myndmerki hjá Einkaleyfastofu og nýtur því verndar í þeirri stúlfærðu mynd.

Að mati Neytendastofu á Andrés ekki einkarétt til orðsins eign.is og því er ekki ástæða til frekari aðgerða af hálfu Neytendastofu í máli þessu.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Ekki er ástæða til aðgerða í máli þessu.“

Neytendastofa, 31. mars 2010

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir